

Reikningsskilaráð ríkisins

33. Fundur – 8. maí 2019 kl. 09:00

Fundargerð

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson og Ólafur Hjálmarsson.
- Forföll: Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Björn Þór Hermannsson.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 32. fundar yfirfarin og samþykkt í framhaldinu.

2. Ríkisreikningur 2018 og innleiðingaráætlun.

Farið yfir stöðuna á uppgjörsvinnu fyrir árið 2018. Farið yfir breytingar sem verða vegna innleiðingar IPSAS. Vinna við ríkisreikning gengur vel, ný atriði sem verða tekin inn í þessu uppgjóri er m.a. eignfærsla erlendra eigna eins og sendiráða erlendis. Gert er ráð fyrir að Ríkisreikningur 2018 komi út um miðjan júní.

3. Álit fjárlaganefndar við frumvarp um staðfestingu ríkisreiknings 2017.

Farið yfir ábendingar fjárlaganefndar sem voru:

1. Til framtíðar ættu frumvörp til staðfestingar ríkisreikningi að vera einfaldari en þetta frumvarp. Að öllu jöfnu nægir að vísa til ríkisreikningsins í einni lagagrein og óska heimilda til breytinga vegna rekstrarafgangs og umframgjalda í annarri lagagrein.
2. Framvegis þarf að birta séryfirlit með ríkisreikningi, sem skýrir að fullu mismunandi afkomu ríkissjóðs eftir því hvort mælt er samkvæmt GFS-staðli eða IPSAS-staðli.
3. Einsdæmi er að ríkisreikningur sé áritaður án álits af hálfu ríkisendurskoðanda. Óheppilegt er að framhald verði á því þrátt fyrir að innleiðingu IPSAS ljúki ekki fyrr en með reikningsárinu 2019.
4. Framvegis þarf endurskoðunarskýrsla ríkisreiknings að berast Alþingi á sama tíma og frumvarp til staðfestingar viðkomandi ríkisreikningi er lagt fram.
5. Fjármála- og efnahagsráðuneytinu ber að gefa út reglugerð um flutning fjárheimilda milli ára áður en kemur til frumvarps um samþykkt næsta ríkisreiknings.
6. Fjárlaganefnd telur að fækka beri þeim liðum þar sem staða um áramót er felld niður frá því sem miðað er við í frumvarpinu. Eins og áður hefur komið fram eru eigi að síður ekki lagðar til neinar breytingartillögur þar sem frumvarpið og ríkisreikningur ársins 2017 komu mjög seint fram. Því mundu breytingartillögur hafa veruleg áhrif á afkomu ársins 2018 án þess að ráðuneytum eða forstöðumönnum hafi gefist ráðrúm til þess að bregðast við þeirri fjárhagsstöðu.

Á næsta fundi verður rætt með hvaða hætti er unnt að bregðast við þessum ábendingum.

4. Önnur mál.

Jóhann Rúnar Björgvinsson, sérfræðingur, kom og fór yfir stöðuna á verkefnum tekjuhóps og var m.a. rætt atriði sem hópurinn er að skoða og kemur með álit um fljótlega:

- Eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins.
- Úrvinnslusjóður

- Veiðileyfi hreindýraráðs.
- Umhverfisgjald.

Ekki var annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.
Næsti fundur miðvikudaginn 5. júní kl. 09:00.